

## Veittir sérstakir styrkir 2017

Árið 2017 voru 20 milljónir til ráðstöfunar í sérstaka styrki á vegum Öryrkjabandalags Íslands. Umsóknir voru 42, 24 aðilar fengu styrki en 1 verkefni var frestað. Eftirtaldir aðilar fengu styrki fyrir skilgreind verkefni:

### **Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir**

Innleiðing Namaste Care á deild L4 fyrir heilabilaða á Landakoti.

### **Ferðafélagið Víðsýn**

Ferðalög fólks með geðraskanir, liðveisla og stuðningur.

### **Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð**

Leiðtogar, námskeið fyrir fólk með þroskahömlun sem hefur áhuga á að starfa að félagsmálum og vera í forsvari fyrir félagasamtök.

### **Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð**

Námskeið í tölvuviðhaldi og viðgerðum fyrir þá sem vilja öðlast betri skilning á vélbúnaði, ýmsum stýrikerfum og uppsetningu þeirra.

### **Halaleikhópurinn**

Uppsetning leikverks og námskeið sem tengjast leiklist.

### **Harpa Cilia Ingólfssdóttir**

Gerð námsefnis fyrir námskeið um algilda hönnun við Endurmenntun Háskóla Íslands.

### **Háskóli Íslands - Jafnrétti fyrir alla**

Gerð heimasíðu fyrir rannsóknarhópin „Jafnrétti fyrir alla“ en verkefni hópsins snúa að jafnrétti og körlum með þroskahömlun, upplifun þeirra, reynslu og aðgengi að jafnréttisstarfi.

### **Hestamannafélagið Hörður**

Reiðskóli fyrir fötluð börn og börn með þroskahömlun og fullorðna.

### **Hjálparstarf kirkjunnar**

Námskeiðið heilsueflandi samvera fyrir einstaklinga sem búa við fátækt og félagslega einangrun.

### **Hlutverkasetur**

Leikhópurinn Húmor, geðveikt leikhús fyrir alla, vegna uppsetninga leikverka.

### **Hringsjá**

Bætt vinnuaðstaða starfsfólks í móttöku.

### **Íþróttasamband fatlaðra**

Alþjóðavetrarleikar fyrir þroskahamlaða í Austurríki og sumarþúðir fatlaðra á Laugarvatni.

### **Landssamtök íslenskra stúdenta**

Starfsteymi Réttinda Ronju vill stórbæta aðgengi upplýsinga fyrir háskólanema sem búa við fötlun eða skerðingu.

### **Landssamtökin Þroskahjálp**

Fræðsla fyrir foreldra fatlaðra barna á aldrinum 0-10 ára.

### **Landssamtökin Þroskahjálp**

Kynningar og umræðufundir með stjórnendum og starfsfólki í félags- og sérfræðipjónustu sveitarfélaga og lögregluembætta þar sem fjallað verður um ofbeldi skv. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### **Leikni**

Skrif á lífsleiknisögum um samskipti og kynheilbrigði til birtingar á [www.leikni.is](http://www.leikni.is).

### **List án landamæra**

Listahátíð Listar án landamæra 2017.

### **Með okkar augum**

Sjöunda þáttaröð sjónvarpsþáttarins „Með okkar augum“.

### **María Jónsdóttir**

Uppsetning á verkefnahefti sem nýtist ungu fólki með frávik í taugaproska, í tengslum við kynheilbrigði.

### **NPA miðstöðin svf.**

Hönnun á vefsíðu og smáforriti sem heldur utan um NPA samninga, viðveruáætlanir og launaútreikninga aðstoðarfólks.

### **Rauði krossinn í Reykjavík - Vin**

Samvera og máltíðir í Vin, athvarfi fyrir fólk með geðraskanir.

### **Samvera og súpa**

Súpa, opið hús og félagsstarf til að rjúfa einangrun fólks.

### **Töframáttur tónlistar - Gunnar Kvaran**

Tónleikaröð fyrir einstaklinga með geðraskanir í athvörfum, klúbbum og félagsmiðstöðvum.

### **Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótuvatni**

Endurnýjun lyftu í JB skála.

### **Þorsteinn Halldórsson**

Þátttaka í keppismóti í bogfimi fatlaðra m.a. á Ítalíu, Tékklandi og HM í Beijing í Kína.